



Verulega aukinn áhugi almennings á hlutabréfum

Mikið líf hefur verið á íslenskum hlutabréfamarkaði á síðustu mánuðum. Verðhækkanir hafa verið miklar og fjölgun viðskipta mikil. Þessa þróun má að hluta til rekja til mikillar aukinnar þátttöku almennings á hlutabréfamarkaði. Þennan aukna áhuga má skýra með ýmsu, s.s. lækkun vaxtastigs og auknum skattafslætti á fjármagnstekjur. Allt frá fjármála- og bankakreppunni 2008 hefur áhugi almennings á hlutabréfum verið mjög lítil en það breyttist á síðasta ári, þegar fjöldi almennra hluthafa í kauphöllinni tæplega tvöfaldaðist milli ára. Mest af þeirri fjölgun má rekja til mikils áhuga almennings á hlutafjárútboði Icelandair í september.


Margir töpuðu miklu á hlutabréfum í hruninu og traust almennings á hlutabréfamarkaðnum beið mikinn hnekk. Svo virðist hins vegar sem traust almennings á hlutabréfamarkaði hafi vaxið verulega á síðasta ári. Fjöldi einstaklinga sem áttu hlutabréf í Kauphöllinni í lok ársins 2019 var tæplega 8.800. Í lok síðasta árs var þessi fjöldi kominn upp í tæplega 17.000 og hafði tæplega tvöfaldast milli ára. Mest af aukningunni má rekja til mikils áhuga á hlutafjárútboði Icelandair Group í september. Þá fjölgaði almennum hluthöfum félagsins úr 4 þúsund upp í 11 þúsund, eða um 7 þúsund manns. [Viðskipti hafa líka aukist mikið](#) á markaðnum og hefur það verið rakið til aukinnar þátttöku almennings á hlutabréfamarkaði.

Frítekjumark fjármagnstekna hækkað úr 150.000 í 300.000 krónur

Annað sem skiptir máli varðandi aukinn áhuga almennings á hlutabréfakaupum er að nú um áramótin breyttust lög um frítekjumark fjármagnstekna. Það var hækkað úr 150 þúsund krónum upp í 300 þúsund. Eftir breytinguna mega einstaklingar því hagnast um 300 þúsund án þess að greiða af því fjármagnstekjuskatt í stað 150 þúsunda áður. Önnur breyting er að frítekjumarkið nær nú einnig til úthlutaðs arðs og söluhagnaðar af skráðum hlutabréfum. Eftir sem áður verður skatthlutfall á fjármagnstekjur umfram 300 þúsund 22%.

Lækkun vaxta ýtir almenningi út í hlutabréfakaup

Þróun OMXI10-
hlutabréfavísitölunnar



Heimild: Keldan




Seðlabankinn brást við efnahagslegum afleiðingum heimsfaraldursins með því að lækka stýrivexti verulega á síðasta ári og hafa stýrivextir aldrei verið lægri en um þessar mundir. Þessi lækkun skilaði sér almennt í lægra vaxtastigi. Vextir á óbundnum innlánsreikningum eru nú víðast hvar mjög nálægt núlli. Lækkun vaxtastigsins hefur ýtt mörgum í áhættusamari eignir þar sem ávöxtunarrvonin er meiri. Þessi þróun skýrir að hluta til aukinn áhuga almennings á hlutabréfum.

Eign almennings í hlutabréfum aldrei minni en í árslok 2019


Allt frá hruni hefur hlutabréfaeign almennings hér á landi verið mjög lág, sögulega séð. Ekki liggja fyrir tölur um hlutabréfaeign almennings um síðustu áramót en í árslok 2019 voru eignir heimila í hlutabréfum einungis 0,9% af heildareignum þeirra samkvæmt tölum Skattsins. Hér er átt við beina eign í hlutabréfum en eignir almennings í hlutabréfum með óbeinum hætti eru mikið meiri í gegnum bæði lífeyrissjóðakerfið og hlutabréfasjóði. Gögn Skattsins ná aftur til ársins 1992 og hefur hlutfallið ekki áður mælst lægra en í árslok 2019. Hlutfallið fór hæst í 4,3% árið 1998 en á þeim árum hafði skattaafsláttur sem veittur var sérstaklega gegn kaupum á hlutabréfum töluverð áhrif á bein kaup almennings. Að meðaltali hefur hlutfallið verið 2,4% frá árinu 1992.

Eignameira fólk á frekar hlutabréf

Ef skattframteljendum er skipt í tvo hópa út frá eignum; annars vegar þeir sem eru í efri 50% eigna (eignameiri) og hins vegar þeir sem eru í neðri 50% eigna (eignaminni), sést að hlutfall hlutabréfaeignar eignameira fólks hefur alltaf verið meiri en eignaminnna fólks. Það er vísbending um að hlutabréfaeign eignameira fólks sé almennari en eignaminnna fólks. Hlutabréfaeign eignameiri var 0,9% af heildareignum í árslok 2019 og 0,3% hjá eignaminni. Mismunurinn var því 0,6 prósentustig og hafði þá aldrei verið minni. Mestur var munurinn 3,2 prósentustig á árunum 1997 og 1998 en eftir hrun var þetta hlutfall komið niður í 1,1 prósentustig og hefur farið nær stöðugt lækkandi síðan.



Bein eign almennings í hlutabréfum. Hlutfall af heildareignum
Heimild: Skatturinn




Bein eign almennings í hlutabréfum. Hlutfall af heildareignum
Heimild: Skatturinn



Einhleypar konur áhættufælnari en einhleypir karlar

Sé einungis horft til framteljenda sem eru ekki samskattaðir með öðrum hafa karlar ávallt verið með herra hlutfall hlutabréfa af heildareignum en konur. Í árslok 2019 var þetta hlutfall 1% hjá körlum en 0,4% hjá konum. Mismunurinn var því 0,6 prósentustig sem er með lægsta móti sé litið yfir allt tímabilið. Að meðaltali var þessi munur 0,8 prósentustig. Þessar niðurstöður eru í samræmi við erlendar rannsóknir sem sýna að einhleypar konur eru að jafnaði áhættufælnari en einhleypir karlar. Í undanfara hrunsins hækkaði þetta hlutfall hlutfallslega mun meira hjá körlum en konum. Þannig fór hlutfallið úr 2% árið 2004 og upp í 3% árið 2008. Á sama tíma lækkaði hlutfallið hjá konum lítillega, eða úr 1,3% niður í 1,2%. Þetta bendir til þess að karlmenn hafi tekið meiri þátt í þeirri uppsveiflu sem varð þá á hlutabréfamarkaði. Eignir karla í hlutabréfum tæplega þrefölduðust á þessu tímabili en aukningin hjá konum varð 60%. Á móti kemur þó að hlutfallið hækkaði hjá konum í hlutabréfabólunni milli 1999 og 2000 en lækkaði hjá körlum. Eignir kvenna í hlutabréfum hækkuðu um 33% milli þessara ára en um 9,4% hjá körlum.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.